

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979,
með síðari breytingum.**

II. KAFLI

3. gr. 1. málsg. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 9,92 fyrir hvern rúm-
metra vatns.

4. gr. 2. málsgrein orðist þannig:

Skal notkunargjaldið þá vera 0,21 kr/kWh. miðað við hitafall 40° C.

6. gr. orðist þannig:

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

- | | |
|---|------------|
| a. fyrir mæla allt að 3/4" | kr. 66,00 |
| b. fyrir mæla allt að 2" | kr. 132,00 |
| c. fyrir mæla allt að 3" | kr. 264,00 |
| d. fyrir varmagjaldsmæla skal greiða tvöfalt gjald. | |

III. KAFLI.

8. gr. orðist þannig:

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarrhituninni, skal greiða heimæðargjald, sem skal vera sem
hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss

(utanmál) m³

Heimæðargjald

Allt að 400 kr. 11 000,00.

400— 2 000 kr. 11 000,00 fyrir 400 m³ + 8,75 kr/m³ þar yfir.

2 000— 6 000 kr. 25 000,00 fyrir 2 000 m³ + 7,50 kr/m³ þar yfir.

6 000—10 000 kr. 55 000,00 fyrir 6 000 m³ + 6,60 kr/m³ þar yfir.

meira en 10 000 kr. 81 400,00 fyrir 10 000 m³ + 5,70 kr/m³ þar yfir.

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr. orðist þannig:

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli
umfram þann fyrsta.

- | | |
|------------------------------------|--------------|
| a. fyrir mæli allt að 3/4" | kr. 1 617,00 |
| b. fyrir mæli allt að 1 1/2" | kr. 3 234,00 |
| c. fyrir mæli allt að 3" | kr. 6 468,00 |

10. gr. orðist þannig:

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 811 stig.

13. gr. 3. málsgr. orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 132,00 fyrir hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Íðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Flúða og nágrennis nr. 151 14. mars 1977.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l. kr. 154,75 á mánuði, fastagjald fyrir meiri notkun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. Fyrir önnur hús kr. 99,00.
- b. Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 11,54 á mánuði og kr. 54,95 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulítra.
- c. Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: Fyrir hvern rúmmetra kr. 0,45 á mánuði. Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðargjald Hitaveitu Flúða skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 6 912,00. Hús 300 m³ til 2 000 m³ að utanmáli kr. 6 912,00 fyrir 300 m³ og kr. 5,12 á hvern rúmmetra þar yfir. Hús stærri en 2 000 m³ að utanmáli kr. 15 798,00 fyrir 2 000 m³ og kr. 4,35 á hvern rúmmetra þar yfir.

Stofngjald fyrir aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er kr. 888,00.

Heimæðagjöld á gróðurhús skulu vera þannig:

Gróðurhús að 200 m² skal greiða kr. 6 912,00. Gróðurhús stærri en 200 m² skal greiða kr. 6 912,00 fyrir 200 m² og kr. 11,40 fyrir hvern fermetra umfram 200 m².

6. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld skv. 3. gr. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 811 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

9. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 110,00 í hvert skipti.